

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2002/18/EB

2003/EES/49/21

frá 22. febrúar 2002

um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna í því skyni að bæta við virka efninu ísóprótúroni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/103/EB ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar, sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2266/2000 ⁽⁴⁾, er kveðið á um samþykkt skrár um virka efni í plöntuvarnarefnum sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar skráningar þeirra í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Þessa skrá er að finna í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 933/94 frá 27. apríl 1994 um ákvæði til framkvæmdar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 að því er varðar virka efni í plöntuvarnarefnum og um tilnefningu skýrslugjafarríkja ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2230/95 ⁽⁶⁾, og nær hún yfir ísóprótúron.
- 2) Áhrif ísóprótúrons á heilsu manna og umhverfið hafa verið metin í samræmi við ákvæðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 3600/92, að því er varðar þær notkunaraðferðir sem tilkynnandi hefur lagt til. Þýskaland var tilnefnt skýrslugjafarríki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 933/94. Skýrslugjafarríkið lagði viðeigandi matsskýrslur og tilmæli fyrir framkvæmdastjórnina 30. júlí 1999 í samræmi við c-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3600/92.
- 3) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað matsskýrsluna innan fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði. Þeirri endurskoðun lauk 7. desember 2001 með endurmatsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um ísóprótúron.
- 4) Endurskoðunin leiddi ekki í ljós nein þau álitaefti eða vandamál er gæfu tilefni til samráðs við vísindanefndina um plöntur.
- 5) Mismunandi rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuvarnarefni, sem innihalda virka efnið sem um er að ræða, uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar notkunaraðferðirnar sem voru skoðaðar og tíundaðar í endurmatsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því þykir rétt að bæta virka efninu, sem um er að ræða, á skrá í I. viðauka við þá tilskipun til þess að tryggja að unnt sé að veita leyfi í öllum aðildarríkjum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda virku efnin sem um er að ræða, í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE.
- 6) Þegar ísóprótúron hefur verið skráð í I. viðauka tilskipunar 91/414/EBE skulu aðildarríkin, innan tiltekins frests sem þá skal ákveðinn, veita leyfi fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda þetta virka efni, breyta leyfunum eða afturkalla þau eftir því sem við á. Sérstaklega er þess krafist að ekki verði veitt leyfi fyrir plöntuvarnarefni nema að teknu tilliti til þeirra skilyrða, sem tengjast skráningu virka efnisins í I. viðauka, og samræmdu meginreglnanna, sem mælt er fyrir um í tilskipuninni, á grundvelli skjala sem uppfylla kröfur um tilskilin gögn.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttð. EB L 55, 26.2.2002, bls. 29, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2002 frá 12. júlí 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 54, 31.10.2002, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjttð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttð. EB L 313, 30.11.2001, bls. 37.

⁽³⁾ Stjttð. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjttð. EB L 259, 13.10.2000, bls. 27.

⁽⁵⁾ Stjttð. EB L 107, 28.4.1994, bls. 8.

⁽⁶⁾ Stjttð. EB L 225, 22.9.1995, bls. 1.

- 7) Endurmatsskýrsla framkvæmdastjórnarinnar er nauðsynleg til að tryggja rétta framkvæmd aðildarríkjanna á nokkrum þáttum samræmdu meginreglnanna sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE. Rétt þykir að aðildarríkin sjái til þess að hagsmunaaðilar hafi aðgang að lokagerð endurmatsskýrslunnar, að undanskildum trúnaðarupplýsingum, eða sé veittur aðgangur að henni. Ef uppfæra þarf endurmatsskýrsluna með tilliti til þróunar á sviði tækni og vísinda er einnig nauðsynlegt að breyta skilyrðunum fyrir skráningu efnisins, sem um er ræða, í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE í samræmi við þá tilskipun.
- 8) Áður en virka efnið er skráð í I. viðauka er nauðsynlegt að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja skráningunni. Að skráningu lokinni er þar að auki nauðsynlegt að veita aðildarríkjunum hæfilegan frest til að framkvæma ákvæði tilskipunar 91/414/EBE um plöntuvarnarefni sem innihalda ísóprótúron. Sérstaklega skulu aðildarríkin, áður en fresturinn rennur út, endurskoða gildandi leyfi og, eftir því sem við á, veita ný leyfi í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE. Kveða skal á um lengri frest til að leggja fram og meta öll skjöl um hvert plöntuvarnarefni í samræmi við samræmdu meginreglunnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE. Þegar um er að ræða plöntuvarnarefni sem innihalda nokkur virk efni verður ekki hægt að fullvinna mat á grundvelli samræmdu meginreglnanna fyrr en öll viðkomandi virk efni hafa verið skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að hagsmunaaðilar hafi aðgang að endurmatsskýrslunni um ísóprótúron, að undanskildum trúnaðarupplýsingum í skilningi 14. gr. tilskipunar 91/414/EBE, eða sé veittur aðgangur að henni sé þess sérstaklega óskað.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu einkum, í samræmi við tilskipun 91/414/EBE og ef nauðsyn ber til, breyta eða afturkalla gildandi leyfi fyrir plöntuvarnarefni sem innihalda virka efnið ísóprótúron áður en þessi frestur rennur út.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Með tilliti til mats og ákvarðana í samræmi við samræmdu meginreglunnar, sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, á grundvelli skjala, sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipunina, skal fresturinn til að breyta eða afturkalla leyfi fyrir plöntuvarnarefni, sem innihalda ísóprótúron sem eina virka efnið, vera til 1. janúar 2007.

3. Fresturinn til að breyta eða afturkalla leyfi fyrir plöntuvarnarefni, sem innihalda ísóprótúron, og annað virkt efni, sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, skal vera fjögur ár frá gildistöku þeirrar tilskipunar þar sem I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er breytt í því skyni að bæta við efninu sem seinna er skráð.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. febrúar 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Bæta skal eftirfarandi færslum við lok töflunnar í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Gildistaka	Skráning rennur út	Sérákvæði
„28	Ísóprótúron CAS-nr. 34123-59-6 CIPAC-nr. 336	3-(4- isóprópýlfenýl)-1,1-dímetyl-þvagefni	970 g/kg	1. janúar 2003	31. desember 2012	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna í endurmatsskýrslunni um ísóprótúron, einkum I. og II. viðbætis við hana, eins og gengið var frá henni í fastanefndinni um plöntuheilbrigði 7. desember 2001. Við heildarmatið skulu aðildarríkin: — gefa verndun grunnvatns sérstakan gaum þegar virka efnið er notað á svæðum, sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- eða veðurfarsþætti, eða í stærri skömmtum en þeim sem lýst er í endurmatsskýrslunni og grípa, eftir því sem við á, til ráðstafana til að draga úr áhættu, — gefa verndun vatnalífvera sérstakan gaum og sjá til þess að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á.

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um kenni og forskrift virka efnisins er að finna í endurmatsskýrslunni.“